

23. febrúar 2026

Stjórnarfundur Antrópósófískafélagsins.

Fundurinn var haldinn á zoom. Fundinn sátu:

Ása Elísa, Guðrún G, Sigrún Úa, Kolbrún (ritar fundargerð)

Mál á dagskrá:

- Senda út rukkanir fyrir árgjald.
- Ógreidd meðlimagjöld frá 2025
- Undirbúningur fyrir Aðalfund
- Mál á dagskrá aðalfundar.
- Isnic- heimasíða.

Árgjald: Rukkanir fyrir árgjald félagsins verður sent út um mánaðarmótin. Gjaldddagi 2. mars og eindagi 2. apríl. Guðrún og Ása senda út póst á meðlimi ásamt tilkynningu um að Aðalfund þann 19. apríl. Nk. Einnig verður minnt á netfang og slóð heimasíðu félagsins.

Ógreidd gjöld: 2 aðilar hafa ekki greitt árgjald í einhvern tíma. Haft verður samband og athugað hvort aðilar vilji halda áfram sem félagsmenn.

Aðalfundur: Sent verður formlegt fundarboð um Aðalfund Sunnudaginn 19. Apríl í byrjun apríl, í það minnsta með 2 vikna fyrirvara.

Mál á dagskrá Aðalfundar:

- Breyting á stjórn (Formleg kosning fyrir núverandi stjórn)
- Vantar 5. aðila í stjórn
- Ársreikningar og Ársskýrsla (Guðrún)
- Úa fjallar um ráðstefnur sem hún fór á í Gotheanum 2025
- Samþykkja árgjald kr. 8000.-
- Kynning á starfsemi félagsins (afmælishátíð, útgáfa dagatal sálarinnar, ævintýri Goethe, grunnæfingar, 1. Bekkur).
- Boðið verður upp á súpu, brauð og kaffi að loknum fundi á fundarstað.

Lén og heimasíða félagsins: Þarf að athuga hjá Isnic hvort hægt sé að hafa tengingu áfram á milli mannspeki.is tengt núverandi léni antroposofi.is (Kolbrún athugar það)

Næsti stjórnarfundur verður haldinn 14. Apríl í Lífspekifélaginu. Opin stjórnarfundur kl 18.30

Stjórnin

